

## REGLUGERÐ

### um (4.) breytingu á reglugerð um stuðningslán, nr. 534/2020.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglugerðarinnar:

1. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Lánastofnun getur þó framlengt lánstíma og frestað endurgreiðslum um allt að 12 mánuði.
2. Í stað orðanna „fjögur“ og „tveimur“ í 2. mgr. kemur: fimm; og: þremur.
3. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Breytingar á skilmálum rafræns skuldabréfs skv. 14. gr. laga um fjárstuðning til minni rekstrar- aðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, nr. 38/2020, vegna framlengingar lánstíma og frestun endurgreiðslna geta verið rafrænar og fer um þær eftir ákvæðum 14. og 15. gr. laganna.

#### 2. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 24. gr. laga um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, nr. 38/2020, öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 24. mars 2021.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Guðrún Þorleifsdóttir.*